

Varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna

Hverjir þurfa stórslysavarnir?

2 bls. Reglugerð nr. 160/2007

Fyrirtæki sem eru með mikið magn hættulegra efna þurfa að hafa varnir gegn stórslysum af þeirra völdum. Varnirnar fara eftir magni og þurfa þannig að vera í samræmi við tilefnið sem er hættan á stjórnlausri atburðarás, s.s. stórfelldri efnaútrás, eldsvoða eða sprengingu, sem stofnar heilsu fólks og/eða umhverfi í mikla hættu. Til dæmis þurfa þeir sem hafa 2500 tonn af díselolíu, 50 tonn af brennslugasi, 1250 tonn af ammóníumnítratáburði, 10 tonn af ákveðnum sprengiefnum eða 200 tonn af krýólíti, að gera *Áætlun um stórslysavarnir* og setja upp öryggisstjórnunarkerfi hafi þeir ekki þegar þannig kerfi. Þeir sem eru með meira magn, t.d. 25000 tonn af díselolíu eða 200 tonn af eldfimu gasi þurfa þar að auki að gera *Öryggisskýrslu* með ýtarlegri greiningu á aðstæðum og *Neyðaráætlanir* í samvinnu við almannavarnir og hafa einnig vissa upplýsingaskyldu við fólk í nágrenninu sem stórslys gæti bitnað á.

Tilkynningaskylda

Fyrirtæki sem eru eða verða með magn efna sem kallar á stórslysavarnir þurfa að tilkynna sig til Vinnueftirlitsins (vinnueftirlit.is → Gagnabrunnur → Stórslysavarnir efna → Tilkynningareyðublað). Í I. viðauka við reglugerðina kemur fram hvað magn efna þarf að vera til þess að starfsstöðin sé stórslysavarnarskyld.

Áætlun um stórslysavarnir

Starfsstöðvar með lægra þröskuldsmagnið (fremri töludálgurinn í I. viðauka við reglugerðina) þurfa að gera skýrslu sem heitir *Áætlun um stórslysavarnir* og skiptist í tvo þætti.

- lýsing á fyrirtækisstefnu, meginmarkmiði, kerfi og aðgerðum til varnar stórslysum, verstu sviðsmyndum stórslysa; stutt og hnitmiðuð lýsing
- lýsing á öryggisstjórnunarkerfi starfsstöðvarinnar sem er til þess að ná markmiði um stórslysavarnir; verkaskipting, mat á hættum, öryggisskipulag, endurbótakerfi, undirbúningur neyðartilvika, kerfisvöktun, úttekt og endurskoðun kerfisins.

Í mörgum tilfellum eru starfsstöðvarnar þegar komnar með skipulag á öryggismálin eða öryggiskerfi og kemur þá lýsingin á þeim inn í skýrsluna. Einnig er matið á þeim hættum sem geta orðið til þess að koma stórslysum af stað oft fyrir hendi hjá fyrirtækjunum. Meta þarf alla helstu þætti, bæði utanað- og innanaðkomandi, sem gætu komið af stað atburðarás stórslyss.

Öryggisskýrsla

Starfsstöðvar með hærra þröskuldsmagnið (aftari töludálgurinn í I. viðauka við reglugerðina) þurfa að gera *Öryggisskýrslu* sem inniheldur:

Varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna - frh.

- Áætlun um stórslysavarnir (eða efnislega það sama og er í þeirri skýrslu)
- Lýsing á umhverfi og starfsstöðinni sjálfri hvað varðar efni, búnað og aðstöðu; greining á hættum, líkum og afleiðingum og lýsing á vörnum, viðbúnaði og neyðaráætlunum við mögulegt stórslys.

Nákvæmar lýsingar þarf á hugsanlegum aðstæðum við stórslys, sviðsmyndir verstu stórslysatilvika, til þess að skipuleggja varnirnar og ekki síst til þess að neyðaráætlanirnar geti orðið raunsæjar og undirbúningur bæði innan starfsstöðvarinnar og hjá almannavörnum, slökkviliði og lögreglu í samræmi við tilefnið.

Neyðaráætlun í starfsstöð (innri)

Starfsstöðvar með hærra þröskuldsmagnið þurfa að vera með neyðaráætlun fyrir starfsstöðina sjálfa þar sem tekið er á öllu skipulagi neyðartilvika, s.s. upplýsingaflæði, þjálfun, búnaði, viðbrögðum og aðgerðum.

Neyðaráætlun utan starfsstöðvar (ytri)

Starfsstöðvar með hærra þröskuldsmagnið þurfa einnig að gera neyðaráætlun fyrir umhverfi starfsstöðvarinnar í samvinnu við almannavarnir. Slökkvilið og lögregla þurfa að fá gögn til þess að gera sínar áætlanir. Skipulegt upplýsingaflæði er stór þáttur í neyðaráætlunum. Markmiðið er að halda slysi í skefjum og vernda fólk og umhverfi fyrir áhrifunum.

Upplýsingar til nágranna

Starfsstöðvar með hærra þröskuldsmagnið þurfa að upplýsa nágranna starfsstöðvarinnar um hættur og neyðaráætlanir vegna mögulegra stórslysa. Bæði þurfa nágrannar að vita hvað getur gerst, hvað þeir eiga að gera sjálfir og hvað aðrir eiga að gera, svo sem slökkviliðið og lögreglan, verði atburður í starfsstöðinni sem kallar á gangsetningu ytri neyðaráætlunar.

Í sviðsmyndum verstu tilvika er metin útbreiðsla áhrifanna sem gefur til kynna hvaða svæði í nágrenni starfsstöðvarinnar þurfi upplýsingar. Ef viss rök eru fyrir leynd ákveðinna atriða getur eftirlitsaðili veitt leyfi til þess að slík atriði séu ekki aðgengileg almenningi.

Upplýsingar á vinnueftirlit.is → Gagnabrunnur → Stórslysavarnir efna